

Borgarráð

Úttektir vegna 2. áfanga tilraunaverkefnis um styttingu vinnuvikunnar

Lagt er til að borgarráð samþykki að Reykjavíkurborg semji við Rannsóknarsetur Háskólans á Akureyri og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um gerð tveggja rannsókna vegna 2. áfanga tilraunaverkefnisins um styttingu vinnuvikunnar. Kostnaður vegna þessarar tillögu skal færður af liðnum ófyrirséð, 09205, yfir á liðinn, 09204, sérstakar úttektir og athuganir, alls 7.232.000 mkr.

Greinargerð:

Þann 9. nóvember síðastliðinn var samþykkt í borgarráði að fara í 2. áfanga tilraunaverkefnisins um styttingu vinnuvikunnar. Í tillögunni er gert ráð fyrir að utanaðkomandi aðili haldi utan um rannsóknir vegna tilraunarinnar. Því er lagt til að samið verði við Rannsóknarsetur Háskólans á Akureyri um gerð úttektar á áhrifum styttingar vinnuvikunnar á andlega og líkamlega líðan starfsmanna og áhrif verkefnisins á samhæfingu atvinnu og heimilislífs hjá því starfsfólki Reykjavíkurborgar sem tekur þátt í tilraunaverkefninu um styttingu vinnuvikunnar. Kostnaður vegna þeirrar úttektar er 1.524.000.

Þá skal Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands bera falið að gera úttekt í formi spurningalista sem lagður verður fyrir þátttakendur tilraunaverkefnisins og síðan annarra starfsstöðva sem ekki eru þátttakendur í verkefninu til samanburðar. Þar verði spurt um vinnuaðstæður, ánægju með vinnutíma, ánægju í starfi, starfsanda, líkamlega þreytu í lok vinnudags, lengd vinnudags og samræmingu vinnu og einkalífs og væntingar til tilraunaverkefnisins. Spurningalistinn verður lagður fyrir í upphafi verkefnis, um miðbik verkefnis og síðan mun lokaúttektin fara fram í febrúar 2019 áður en 2. áfangi tilraunaverkefninu lýkur. Kostnaður vegna úttektar Félagsvísindastofnun Íslands er 5.708.000. Samtals er því kostnaður vegna þessa úttekta alls 7.232.000 mkr. Áætlað er að 5 mkr. komi til greiðslu 2018 en 2,2 mkr. árið 2019.

Dagur B. Eggertsson